Støfunarvísir fyrir almúga.

1831.

Einfaldasti
Støfunar-visir
fyrir
Almúga.

Kaupmannahøfn.
Prentadr hjá bókþryckjara S. L. Møller.
1831.

Stafrof fyrir Børn.

A B C D E F G

H I K L M N O

P Q R S T U V

X Y Z Þ AU Æ Ø

a b c d e f g h i j

k l m n o p q r ſ s

t u v x y z þ au æ ø

1. Um adgreiníngu bókstafanna.

Hljódstafir:

Linir: a, e, i, o, u, y, ø

Hardir: á, é, í, ó, ú, ý

Tvøfaldir: æ, œ.

Samhljódandi stafir:

b, c, d, f, g, h, j, k, l, m, n,
p, q, r, s, t, v, x, z, þ.

Merk:

Af bókstøfum verda atkvædi.

2. Um adgreiníngu atkvædanna.

Einstøfud atkvædi

géta þeir hørdu hljódstafir á, í, ó og œ, gjørdt, en ecki adrir, so meiníngu hafi.

Tvístøfud atkvædi:

ab, eb, ib, ob, ub, yb, aub, æb, øb,
ba, be, bi, bo, bu, by, bau, bæ, bø.
ad, ed, id, od, ud, yd, aud, æd, ød,
da, de, di, do, du, dy, dau, dæ, dø.
af, ef, if, of, uf, yf, auf, æf, øf,
fa, fe, fi, fo, fu, fy, fau, fæ, fø.
ag, eg, ig, og, ug, yg, aug, æg, øg,
ga, ge, gi, go, gu, gy, gau, gæ, gø.

Og svo framveigis eptir øllu stafrofinu, sem menn géta sjálfir mindad.

Prístøfud atkvædi

eptir þessari bøgu:

afl, bed, kol, mál, und, nef, sól;
áft, von, hel, tad, þaik, sær, gis;
kík, søl, þol, ber, tak, lás, tól;
tal, ønd, sel, mát, lús, bar, fis.

Og þessum lík ord má ótal fleiri finna, og láta børnin læra ad kveda ad þeim skýrliga, bædi med línum og hørdum bókstøfum, ádur en madur fer ad venja þaug vid enn nú fleir-stafadri atkvædi.

Fjórstøfud atkvædi

eptir þessu:

hríd, kvøl, neyd, þrait, synd, fals, sorg; sæld, gjøf, ljós, dýrd, happ,

mind, slód; stál, gull, leid, vald, blad, hold, borg; braud, stod, hrós, fjas, gjæs, fugl, þjód.

Og fleiri þesshättar ord gétur hvør einn fundid.

Fimmstøfud atkvædi,

sem eptir fylgir:

mjólk, dregg, snjór, frost, stóll, prent, stand; stapp, brigd, prágt, stýrn, hregg, kløpp, drótt; skard, fjall, starf, þúngt, skegg, traudt, grand; skømm, hvarf, hardt, blaudt, stærd, smædd, gnótt.

Og svo framveigis fleiri.

Sexstøfud atkvædi
eru til dæmis þessi:

strifs, flakks, djarfs, gnægst, flaugst,
stydst, frønsk; frægst, hlekks, brjáls,
stókst, smaugst, spønsk. Og ýms. fleiri.

Sjøstøfud eru þessi:

skélfst, brjótst, straukst, hljópst,
þreitts, þrjótsk. Og fleiri.

Attstøfud þessi:

sprakkst, þreyttst, skrappst, sveittst.
Og svo framv.

Merk: Af atkvædum verda ord.

3. Um adgreiníngu ordanna eptir atkvædum.

Eins atkvædis ord eru nockur ádurtalin.

Ord af tveimur atkvædum: ád-an, ed-ur, yd-ja, ód-ur, aud-ur, æd-ur, ødl-aſt, mad-ur, mád-ur; ted-ur, téd-ur; lid-ur, líd-ur; ſtod-inn, ſtód-in; ſud-ar, ſúd-ar; bid-ur, býd-ur; og ótal fleiri.

Ord af þremur atkvædum: and-leg-ur, rétt-látt-ur, gód-lynd-ur, gud-hrædd-ur; og ótal þvílík.

Orð af fjórum atkvæðum:

al=mátt=ug=ur, þol=in=móð=ur, misk=un=sam=ur; og mikið mørg ønnur.

Orð af fimm atkvæðum:

þol=in=móð=ast=ur, misk=un=sam=ast=ur; og mørg fleiri.

Orð af sex atkvæðum:

yf=ir=vinn=an=leg=ur, for=lík=un=ar=sam=ur; og ýms fleiri.

Orð af sjø atkvæðum:

yf=ir=vinn=an=lig=ast=ur, for=lík=un=ar=sam=ast=ur; og nockur fleiri.

Orð af átta atkvæðum:

ó=yf=ir=vinn=an=lig=ast=ur, ó=for=lík=un=ar=sam=ast=ur; og fleiri.

Til adgjætslu fyrir ólærda medal almúga, sem kénna børnum at lesa.

1. Børnunum má, ef vill, fyrst í stad, kénna nøfn og hljód bókstafanna, og jafnvel ad kveda ad, utanbókar, svo vel í myrkri sem byrtu; og sídan, þegar þad er búid, ad þeckja mindir stafanna á bók. Og til ad festa þær børnunum því betur í minni, má skrifa stafrofid, med stóru letri á spjald, og heingja þar upp í húsid, sem þaug géta sjed þad í bjørtu greiniliga; og spyrja þaug opt ad, hvad hvør einn stafur heiti, aptur á bak og áfram; já láta þaug spyrja og minna á hvørt annad, þegar þaug eru fleiri saman, á þeim aldri. Þetta tekur miklu minna fyrir foreldrum og

øðrum, því þeir géta eins verið að handvinnu sinni, á meðan þeir kénna svoleiðis børnunum að lesa, sem fátækum ríður svo mikið á.

2. Þegar búið er að kénna børnunum að þeckja minðir stafanna, er best að kénna þeim að þeckja aðgreiníngu á hljóðstøfum, og sam-hljóðandi støfum, og seigja þeim og sýna að, að þeim síðari verði aldrei kveðið, nema hinir fyrri séu með. T. d. sé úr orðinu **drottinn** teknir burtu hljóðstafirnir **o** og **i**, svo ecki séu eptir nema samhljóðandi stafirnir **drttnn**, gétur einginn að þeim kveðið.

3. Børnin ættu að læra að þeckja vel aðgreiníngu á hørðum og linum hljóðstøfum, og þessvegna að tala út atkvæðin með tvent slag. T. d. að seigja ecki einasta: **ba, be, bi, bo, bu, by**, heldur og svo: **bá, bé, bí,**

bó, bú, bý; en það er ør edur ørfarmerki upp yfir hljóðstafnum, sem sýnir að hann á að talast hardt út, en lint, ef hún ekki er. T. d. í þessum ordum: allra verk munu koma fyrir dag, eru allir hljóðstafir linir. En í þessum: mín sál kýs sér nú ljós, eru þeir allir hardir.

4. Í gømlum bókum finst opt fyrir hardt á, brúkað tvíðublað aa; og fyrir hardt í, eins ij, sem aðgjætast þarf, nær lesið er.

5. Hardt é (edur e með ør upp yfir) úttalast sem je. T. d. mér les mjer.

6. Mismunur á linu i og y heyrist varla í úttali vara. T. d. fyrir talast sem firir. Sama er að seigja um hardt í og hardt ý; t. d. dýrdlíngur, talast út dírdlíngur; þó má þessum ei samanblanda þegar skrifað er.

7. Hljóðstafurinn au (optast prentaður au) er lesinn sem øi. T. d. rauð, nauð, dauð, lesist: røið, nøið, døið. En í framandi orðum og nøfnum er hann lesinn sem hardt á. T. d. Paulus les Pálus, en ei Pøilus.

8. æ lesist sem ai. T. d. æð, hæð, lesist: aið, haið. En í framandi orðum er það lesið sem lint e; t. d. Æneas, Cræsus lesist: Eneas, Cresus.

9. c brukast nú sjaldan í íslendskum bókum, nema fyrir framan k, og er það þá lesið sem k; t. d. ecki les ekki. En í framandi orðum er það fyrir framan hljóðstafina, e, i, æ, y, lesið sem s, en fyrir framan alla aðra, sem k. T. d. Candace les Kandase; Creta les Kreta; Cæsar les Sesar.

10. Bókstafurinn j, heitir ecki i, heldur

jod, og er samhljódandi stafur. T. d. í ordunum: jafn, ljós, fjær.

11. q er úttalad sem k; t. d. qvinna les kvinna.

12. ſ og s eru ecki tveir stafir, heldur tvær mindir sama stafs; sú sídari brúkast alltíd í enda ords. T. d. mans, en ecki manſ.

13. ch í framandi ordum lesist sem k; t. d. Christus les Kristus.

14. t í framandi ordum, ef þad geingur á undan i, og annar hljódstafur fylgir eptir, er þad lesid sem ts; t. d. Caution, lesist sem Kátsion; nl. c eptir 9 Reglu, au eptir 7 R., en t eptir þessari.

15. th í framandi ordum er lesid sem t. T. d. Thómas les Tómas.

16. ph í framandi ordum lesist sem f. T. d. Stephán les Stefán.

17. x er lesid sem ks eda gs. T. d. Sex les Seks.

18. z í framandi ordum er lesid sem s. T. d. Zíon læs Síon.

19. Stafirnir c, q, x, z þyrftu ecki í íslendskunni, væri þad ecki vegna framandi orda, hvørra støfum ei er gott ad umbreyta.

20. Kénna skal børnunum vel ad stafa, ádur þaug eru látin kveda ad, og vel ad kveda ad atkvædunum, ádur þaug fara ad taka þaug saman í ord.

Meira hérum sídar.